

**15. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptsyfir-
valdanna yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland** 1873.
28. febrúar.
á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873.

(Fyrsti kafinn er samhljóða bréfunum næstu á undan).

Um leið og vèr mælumst til þess, að þèr, herra stiptamt-
maður, og þèr, háæruverðugi herra, tilkynnið hlutaðeigendum það,
sem með þarf, samkvæmt þessu, leiðum vèr sérilagi athygli yðar að
því, að þar sem áður voru ætlaðir 200 rd. til bókakaupa við presta-
skólann og 500 rd. til bókakaupa við hinn lærða skóla, þá er nú í áætl-
uninni, 7. gr. C. II., 3. og 6. að eins veittir $\frac{3}{4}$ af 150 rd. handa presta-
skólanum, og af 300 rd. handa skólanum, og hefir kirkju- og kennslu-
stjórnarráðgjafinn ákveðið, að kostnaðurinn til verðlaunabóka skuli
þar að auki greiddur af síðar nefndri upphæð, í stað þess að taka
hann af því fè, sem ætlað er til ýmislegra útgjalda við hinn lærða
skóla, eins og áður hefir verið gjört; áptur á móti er það, sem
ætlað er til ljósa og eldiviðar (í 7. tölulið), fært upp frá
700 rd. til 750 rd., og hèr taldir til $\frac{3}{4}$ partar af þeirri upp-
hæð, sem er 562 rd. 48 sk. Til forngripasafnsins eru veittir
200 rd., sem má verja eptir ákvörðun stiptsyfirvaldanna, og hefir
landfógetanum í dag verið boðið, að borga fè þetta úr jarðabókar-
sjóðnum, þegar þèr gjörið tilkall til þess, og er honum einnig
að öðru leyti sagt fyrir um þessi atriði.

Að endingu skal þess getið, að fyrnefndur ráðgjafi hefir
ekki fundið ástæður til, að veita umsjónarmanni skólans það
embætti fyrir fullt og allt, eins og sókt var um.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 28. febrúar.
norður- og austurumdæminu, um tíundagjald af
Möðrudal.¹

Eptir að stjórnarráðið með brèfi yðar 23. ágúst f. á. hafði

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, III., 220.

1873.

28. febrúar.

fengið ýms skjöl og skilríki til skýringar bænarskrá nokkurri, þar sem Sigurður bóndi Jónsson á Möðrudal í Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu sækir um, að verða undanþeginn því, að greiða konungstíund af tæðri jörð, með tilheyrandi hjáleigum, og um að sèr verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa galdið um of, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að eptirleiðis verði hvorki heimtuð konungstíund af jörðunnieða hjáleigunum, og skuli borga sækjandanum aptur það gjald, sem greiðt sè í fardögum 1871 og 1872, að svo miklu leyti sem það sè komið í landssjóðinn, en sjötta part þann, sem hlutaðeigandi sýslumaður hefir tekið í innheimtulaun, skal hann borga aptur sækjandanum. Því skal við bætt, að málið að því leyti, sem það nær til þess, hvort það tíundagjald verði borgað aptur, sem greiðt er fyrir árin þar á undan, er sent fjárhagsstjórninni til úrskurðar, með því það gjald er runnið í ríkissjóðinn.

28. febrúar.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þriggja skilðinga frímerki.

Samkvæmt uppástungu þeirri, sem komin er beina leið til stjórnarráðsins frá Óla Finsen, sem 29. júlí f. á. var skipaður póstmeistari í Reykjavík, hefir dómsmálastjórnin hlutast til um, að gefin eru út þriggja skilðinga frímerki með gráum lit, auk þeirra, sem getið er í 15. gr. í auglýsingu um póstmál 3. maí f. á.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það á þann hátt, sem bezt þykir henta, skal því við bætt, að Óli póstmeistari Finsen mun fá yður í hendur 250 arkir af fyrnefndum frímerkjum, þá er hann kemur til Íslands með póstgufuskipinu, sem leggur hëðan á morgun, og væntum vèr að fá kvittun yðar fyrir frímerkjum þessum.